

Ed.

474. Frumvarp til laga

[247. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum, sem viðskiptaráðuneytið setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands. Sama gildir um hvers konar þjónustugreiðslur til annarra landa.

Fjármagnsgreiðslur til annarra landa skulu háðar sérstökum leyfum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Ráðuneytið hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyris-sölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Viðskiptabankar þeir, er heimild hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, skulu ásamt ráðuneytinu og Seðlabankanum reka sameiginlega deild, er nefnist gjaldeyrisdeild bankanna. Ráðuneytið ákveður með reglugerð stjórn hennar og starfshætti. Deildin annast úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa og fylgist með framkvæmd viðskiptabankanna á lögum þessum og reglugerðum, auglýsingum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim. Enn fremur annast deildin skýrslugerð um gjaldeyrisviðskipti viðskiptabankanna.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr., getur ráðuneytið að höfðu samráði við Seðla-bankann takmarkað eða stöðvað um tína hvers konar gjaldeyrisviðskipti, ef nauð-syn ber til vegna hættu- eða óvissuástands í gengis- eða gjaldeyris-málum innan-lands eða utan.

4. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Eigi má heldur tollafgreiða vörur, nema staðfesting gjaldeyris-

banka liggi fyrir um það, að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum löglegum hætti, t. d. með lántöku eða greiðslufresti. Seðlabankinn setur nánari reglur um það, hvernig slíkum yfirlýsingum skuli háttað.

Gjaldeyrisbankar mega ekki láta af hendi gjaldeyri, nema viðkomandi greiðsla sé frjáls eða leyfi fyrir hendi, er gefið sé út samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Seðlabankinn getur sett reglur um takmarkanir á útflutningi og innflutningi peningaseðla og hvers konar sleginnar myntar, gulls, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða á greiðslu í íslenskum eða erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem aðilar, skráðir eða búsettir hér á landi, eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal án óeðlilegs dráttar seldur Seðlabankanum eða bönkum þeim, sem heimild hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaparfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Gjaldeyrisdeildin, svo og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, eftir því sem við á, geta veitt undanþágu frá reglum 1. málsgr., svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri og nota gjaldeyristekjur sínar til að inna tilteknar greiðslur af hendi.

7. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna, og erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlað. Einnig ber því að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

8. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis, er endurgreiðist á lengri tíma en einu ári, nema með samþykki ráðuneytisins. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs.

Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Gjaldeyrisdeildin hefur með höndum framkvæmd þessara reglna hjá gjaldeyrisviðskiptabönkunum.

Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum skulu háðar ákvæðum þessarar greinar.

9. gr.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hrið. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

10. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki megi bjóða vörur til sölu til útlanda né selja þær til útlanda eða flytja þær úr landi, nema að fengnu leyfi þess. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Útflýgjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

11. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 1% gjald af fjárhæð leyfa. Gjald þetta skal ganga til gjaldeyrisdeildar bankanna að því leyti, sem nauðsynlegt er til að standa straum af rekstrarkostnaði hennar. Að öðru leyti skal gjaldið renna í ríkissjóð.

12. gr.

Gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal gerð af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og samþykkt af ráðuneytinu.

13. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

14. gr.

Heimilt er að stöðva til bráðabirgða gjaldeyrissölu til þeirra aðila, sem að mati gjaldeyriseftirlits eða gjaldeyrisdeildar hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þar á meðal um skilaskyldu, notkun erlends gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slík ákvörðun stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

15. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta allt að fimm þúsund króna dagsektum til ríkissjóðs. Ráðherra úrskurðar dagsektir, og er úrskurður hans aðfararhæfur.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 2 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar þeirra efnahagsráðstafana, sem komu til framkvæmda á árinu 1960, fór ný stefna í innflutnings- og gjaldeyris málum. Að meginefni til fólst hún í því, að innflutningur á vörum til landsins skyldi vera frjáls. Kom þetta m. a. fram í lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl., en þau

lög gilda enn að meginefni til. Á þeim nær 11 árum, sem síðan eru liðin, hefur sú stefna, sem mótuð var með fyrrgreindri lagasetningu, verið framkvæmd í vaxandi mæli og er nú svo komið, að nær allur innflutningur til landsins er frjáls. Á þessu tímabili hafa orðið ýmsar þær breytingar, sem gefa tilefni til að endurskoða gildandi lagaákvæði, enda sum ákvæði laganna orðin úrelt eða hafa verið felld úr gildi. Þá kemur það til, að fyrirhuguð er á næstunni mikilvæg breyting á skipulagi gjald-eyrisverzlunar, sem óhjákvæmilegt er að tillit sé tekið til í lögum um gjaldeyrismál.

Hefur Seðlabankinn gert um það tillögur til viðskiptaráðherra, að til viðbótar þeim tveimur viðskiptabönkum, Landsbanka og Útvegsbanka, sem hafa rétt til gjald-eyrisverzlunar, skuli þremur bönkum veitt þessi réttindi, þ. e. Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka. Hefur ráðherra fallizt á þessa tillögu og í framhaldi af því er þetta frumvarp flutt. Felur það í sér nauðsynlegar breytingar á löggjöf-inni um innflutnings- og gjaldeyrismál, bæði að því er varðar skipulagsmál og viðskipti gjaldeyrishöndunar við útlönd.

Gert er ráð fyrir, að veitingu gjaldeyrisséttinda til hinna þriggja viðskipta-banka fylgi viss skilyrði. Annars vegar er fyrirhugað, að framkvæmdin verði í á-föngum og þá við það miðað, að þróun gjaldeyrisviðskipta verði ekki hraðari en tæknileg og fjárhagsleg geta hinna nýju gjaldeyrishöndunar leyfir, og enn fremur, að hún valdi ekki óeðlilega mikilli röskun á viðskiptum. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að hinir nýju gjaldeyrishöndunar taki að sér fjölbreyttari viðskipti en þeir hafa hingað til haft og beini fjármagni sínu í vaxandi mæli til útflutningsatvinnuveganna og undirstöðufyrirtækja í verzlun og iðnaði, en létti að sama skapi byrðum af eldri gjaldeyrishöndunum í þessu efni.

Þeirri meginstefnu, sem mörkuð var með lögum frá 1960, er fylgt í frum-varpinu. Samkvæmt heimild í þeim lögum voru settar reglur um skipulag gjaldeyris-og innflutningsmála, og hafa þær reglur mótast á undanförunum áratug. Hefur fengið af því góð reynsla, og er nú talið rétt að lögfesta þessa skipan. Er um að ræða samvinnu gjaldeyrishöndunar og viðskiptaráðuneytisins í gjaldeyriseild bankanna, en henni yrði m. a. falin veiting gjaldeyris og/eða innflutningsleyfa, auk ýmiss konar verkefna varðandi gjaldeyrisverzlunina, sem hagkvæmt er, að bankarnir hafi samvinnu um. Er þetta og til mikils hagráðs fyrir viðskiptalífið og almenning.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ástand á gjaldeyrismörkuðum utan-lands og innan hefur á undanförunum árum ekki ætíð verið svo tryggt sem skyldi. Æskilegt er því að hafa ákvæði í lögum, sem heimili að grípa til sérstakra ráð-stafana, þegar slíkt óvissuástand skapast. Í þessu frumvarpi, 3. gr., er slík heimild til handa viðskiptaráðuneytinu og verður það að teljast sjálfsgöð öryggisráðstöfun.

Það er afleiðing þeirrar starfsemi, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir reka með kaupum og sölu á gjaldeyri, að þeir geta eignast innstæður erlendis, en einnig er þeim af viðskiptaástandum nauðsyn á að geta tekið erlendis stutt lán, sem þá eru að jafnaði innan umsamdra yfirdráttarheimilda hjá viðskiptabönkum þeirra.

Innstæður, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrissvarasjóði, sem landið ræður yfir. Allajafna verður að gera ráð fyrir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir varð-veiti slíkar innstæður sjálfir, en þó verður að telja nauðsynlegt, að Seðlabankinn, sem er falið það hlutverk samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrissvarasjóð landsins, geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t. d. vegna á-stands gjaldeyrismála, og að því miðar ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna er-lendis séu innan þeirra marka, sem eðlilegar viðskiptaþarfir krefjast, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgt með slíkum lántökum viðskiptabank-anna. Ákvæði í 9. gr. frumvarpsins eru við þetta miðuð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 1. gr. gildandi laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu, að gjaldeyrisgreiðslur fyrir vörum og þjónustu séu frjálssar, en um undantekningar frá þeirri reglu geti verið að ræða. Um undantekningar verði hins vegar sett ákvæði í reglugerðum og auglýsingum. Í 2. mgr. er þó sett sú meginregla, að fjármagnsgreiðslur til annarra landa skuli vera bundnar sérstökum leyfum, en veita megi undanþágu frá þeirri reglu með ákvæðum í reglugerð. Er þetta í samræmi við framkvæmdavenju á þessu sviði og eðlilegt.

Heimild 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1960 helzt óbreytt í 3. mgr.

Í lögum nr. 30/1960 er fram tekið, að ríkisstjórnin fari með ákvörðunarvald samkvæmt lögnum, en í reynd hafa innflutnings- og gjaldeyrismál verið í höndum viðskiptaráðuneytisins, og er því í frumvarpinu alls staðar við það miðað, að viðskiptaráðuneytið hafi á hendi framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 30/1960 var viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu gjaldeyris, falið úthlutun leyfa, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Samstarfsvettvangur bankanna hefur verið svokölluð gjaldeyrisdeild bankanna, þar sem viðskiptaráðuneytið og í vissum tilvikum einnig Seðlabankinn hafa átt aðild. Auk leyfaútgáfu hefur deildin fylgt með notkun erlends gjaldfrests til allt að 12 mánaða, haft á hendi skýrslugerð og eftirlit með framkvæmd gjaldeyrismála í viðskiptabönkunum, auk ýmissa annarra mikilvægra mála, er varða gjaldeyris- og innflutningsmál.

Er því gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að gjaldeyrisdeildin verði lögfest og heiti gjaldeyrisdeild bankanna og allir gjaldeyrisbankarnir standi að henni auk viðskiptaráðuneytisins. Fari gjaldeyrisdeildin með leyfamál, skv. ákvæðum laganna, auk ýmissa mála, er varða framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrismála í samræmi við þær reglur, sem settar eru á hverjum tíma. Um stjórn og starfshætti deildarinnar fer eftir reglugerð, sem ráðuneytið setur.

Í frv. er gerður greinarmunur á gjaldeyrisbönkum og gjaldeyrisviðskiptabönkum. Með gjaldeyrisbönkum er átt við alla banka, sem verzla með gjaldeyri, bæði Seðlabankann og viðskiptabanka þá, sem heimild hafa til slíkra viðskipta. Hugtakið gjaldeyrisviðskiptabankar er því þrengra og nær ekki til Seðlabankans.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða frá 2. gr. laga nr. 30/1960, en athygli skal á því vakin, að lokasetning hennar er felld niður, en hún er á þá leið, að ríkisstjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða mikilvæg atriði, sem ekki hafa verið skýr ákvæði um í lögum. Vísast um þetta til hinna almennu athugasemda við frv.

Um 4. gr.

Engin efnisbreyting er í greininni frá 3. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 7. og 10. gr. reglugerðar nr. 79/1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála.

Um 5. gr.

Ákvæði um þessi atriði er nú að finna í 5. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 79/1960. Hefur Seðlabankinn farið með framkvæmd þessara mála eftir

reglum, sem ráðuneytið hefur sett. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn setji umræddar reglur, og eiga þær nú einnig að ná til erlendra skuldbindinga og gulls í hvaða mynd, sem það er.

Um 6. gr.

Fyrsta mgr. frv. svarar til 4. gr. laga nr. 30/1960 og er um litla efnisbreytingu að ræða. Þó er skilgreint nánar, hverjir séu skilaskyldir. Lagt er til, að það verði allir aðilar, sem búsettir eru hér á landi, og allir aðilar, sem skráðir eru hér á landi.

Um nýtt ákvæði í 2. mgr. vísast til hinna almennu athugasemda við frv.

Í 3. mgr. er ákvæði um, að gjaldeyrisdeildin og gjaldeyriseftirlitið, hvort á sínu sviði, geti veitt undanþágu frá skilaskyldu skv. 1. mgr. Sömuleiðis er rétt, að undir sömu aðila sé að sækja um heimildir til að eiga erlenda reikninga við banka eða hjá öðrum aðila utanlands eða innan, en beint ákvæði um það hefur ekki verið í lögum né reglugerð.

Undanþágur frá skilaskyldu gjaldeyris eru veittar skv. föstum venjum, sem um það hafa skapast á löngum tíma. Kemur þetta einkum fyrir, þegar um er að ræða gjaldeyrisaflandi aðila, sem bera kostnað í erlendum gjaldeyri, t. d. við sölustarfsemi, sem eðlilegt er að greiðist af gjaldeyristekjum. Einnig getur verið óhjákvæmilegt að samþykkja frádrátt á söluandvirði vöru, t. d. vegna galla, sem komið hefur fram.

Sú efnisbreyting er í þessu atriði, að nú fær gjaldeyriseftirlitið beina heimild til að veita undanþágu frá skilaskyldu, og skoðast sú heimild tengd því sviði, sem gjaldeyriseftirlitið starfar á. Undanþágur varðandi vanhöld á eðlilegum skilum útfluttra afurða eru bornar undir ráðuneytið, en það gefur út útflutningsleyfi, skv. 10. gr.

Loks vísast í 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 79/1960 með reglum um heimildir skipafélaga, flugfélaga, útgerðaraðila og tryggingarfélaga til þess að nota gjaldeyristekjur til að inna tilteknar greiðslur af hendi. Verður reglugerð að sjálfsgöðu gefin út að nýju með ítarlegum reglum um þessi svið og önnur skv. frv., ef það nær fram að ganga. Þar til nýjar reglugerðir verða gefnar út, gilda núverandi reglugerðir (nr. 78 og 79/1960), eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Greinin er sama efnis og 6. gr. laga nr. 30/1960. Hún er og í samræmi við 21. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabankann.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði 7. gr. laga nr. 30/1960 endurtekin í aðalatriðum og óbreytt að efni til.

Erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs hafa verið háðar leyfum ráðuneytisins.

Um erlendar lántökur til 12 mánaða eða skemmri tíma hafa verið fastar reglur undir eftirliti bankanna og ráðuneytisins. Er í 2. mgr. ráðgert, að ráðuneytið setji reglur um þær í samráði við Seðlabankann, en að framkvæmdin verði falin gjaldeyrisdeildinni.

Þá er í síðustu mgr. kveðið svo á, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis til endurlána til innlendra aðila skuli háðar samþykki viðskiptaráðuneytis, eins og önnur lán samkv. þessari gr. Slíkar lántökur eru að jafnaði til sérstakra tiltekinna framkvæmda og getur verið hagkvæmnisatriði, að viðskiptabanki taki lánið og endurláni það í stað þess, að viðkomandi aðili taki lán beint.

Um 9. gr.

Greinin var ekki í lögum nr. 30/1960, en með tilliti til fyrirhugaðra breytinga á skipulagi gjaldeyrisverzlunarinnar þykir eðlilegt að setja reglur um þau atriði, sem þessi gr. fjallar um. Um skýringar við gr. að öðru leyti vísast til hinna alm. athugasemda.

Um 10. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 8. gr. laga nr. 30/1960, og þessi gr. frv. er efnislega óbreytt frá því, sem verið hefur. Önnur mgr. 8. gr. laga nr. 30/1960 er þó felld niður, þar sem hún hefur ekki lengur raunhæfa þýðingu.

Þrátt fyrir, að hluti 3. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1960 er felldur niður, getur ráðuneytið eftir sem áður bundið útflutningsleyfi þeim skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

Um 11. gr.

Hið almenna leyfisgjald er nú $\frac{1}{2}\%$ af leyfisfjárhæð, nema á olíur og benzín 0.1%.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að heimila áfram allt að 1% leyfisgjald. Verður andvirði þess varið til að greiða kostnað af starfsemi gjaldeyrisdeildar, en afgangur rennur í ríkissjóð. Þess skal getið, að rekstrarkostnaður verðlagseftirlitsins er nú greiddur skv. fjárlögum.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Undanfarin ár hefur umrædd gjaldskrá gjaldeyrisbanka verið samin af þeim sameiginlega. Með breyttu fyrirkomulagi á skipulagi gjaldeyrisverzlunarinnar er eðlilegt, að Seðlabankinn hafi forgöngu um gerð gjaldskrárinnar, en í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana, en samþykki viðskiptaráðuneytisins komi til.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 30/1960.

Um 14. gr.

Í greininni eru nýmæli til að sporna við hugsanlegum gjaldeyrisbrotum og til að styrkja gjaldeyriseftirlitið og gjaldeyrisdeildina við framkvæmd gjaldeyris- og innflutningsmála.

Um 15. gr.

Greinin er endurtekning á efni 12. gr. laga nr. 30/1960. Viðurlög eru hækkuð og á þeim hert. Sektorheimild hækkar úr 500 þús. í 2 millj. kr., og ákvæði um beitingu dagsekta er styrkt.

Um 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.